

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 28. mars 2006 í máli nr. S-60/2006:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson ftr.)

gegn

Elvari Loga Rafnssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 10. mars sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara 30. desember 2005 gegn Elvari Loga Rafnssyni, kt. 000000-0000, Flúðaseli 69, Reykjavík, „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 26. mars á veitingastaðnum Players, Bæjarlind 2, Kópavogi, slegið Kristófer Sigvalda Snæbjörnsson í andlitið með glerglasi með þeim afleiðingum að hann hlaut hrufilsár í andliti, stóra blæðingu undir húð og mar yfir hægra efra andliti, mar á vinstra kinnbeini og hreyfiskerðingu og tvísýni á vinstra auga vegna skaða á augntóft.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Kristófer Sigvaldi Snæbjörnsson, kennitala 000000-0000, krefst bóta að fjárhæð kr. 1.749.268 auk vaxta og dráttarvaxta skv. vaxtalögum nr. 38/2001 frá 26. mars 2005 til greiðsludags.“

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar. Þá er þess krafist aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Málsvarnarlauna er krafist.

I.

Þann 26. mars 2005, kl. 02:07 fékk lögreglan tilkynningu um líkamsárás á skemmtistaðnum Players. Lögreglan fór á staðinn og hitti ákærða sem var með sjáanlega áverka, lítillagan roða á enni á tveimur stöðum og einhverja bólgu. Dyravörður gætti ákærða sem var sjáanlega undir áhrifum áfengis en rólegur. Vitnið, Kristófer Sigvaldi Snæbjörnsson, var með greinilega áverka á andliti, mjög bólginna við kinnbein báðum megin og blóðugur.

Í frumskýrslu lögreglu er haft eftir ákærða að hann hafi verið á barnum og verið að panta sér áfengi. Þá hafi Kristófer komið að honum og ýtt við honum án ástæðu. Ákærði hafi ýtt eitthvað til baka en Kristófer þá sparkað í fótlegg ákærða. Þá hafi ákærði slegið til mannsins með glasi í hægri hönd í höfuð Kristófers. Þeir hafi síðan tekist á og högg gengið á milli.

Haft er eftir Kristófer á staðnum að hann hafi verið að panta sér áfengi á barnum. Upp hafi komið einhver misskilningur milli hans og ákærða sem hafi undið upp á sig og endað með því að ákærði hafi slegið hann í andlitið með glasi.

Kærandi, Kristófer Sigvaldi Snæbjörnsson, sagði hjá lögreglu að hann hafi verið staddur á veitingastaðnum Players ásamt félaganum sínum, Agli Hjartarsyni. Hann hafi staðið við barinn að panta sér drykk þegar ákærði, sem hafi staðið við hlið hans, hafi borið það upp á hann að kærandi hafi sparkað í ákærða. Kærandi kvaðst hafa neitað því enda væri það ekki rétt. Í framhaldi af þessu hafi komið til orðahnippinga milli þeirra og þústra. Fljótlega eftir að þeir hafi byrjað að deila hafi ákærði tekið björglas og slegið því í andlit hans og trúlega kýlt hann á eftir. Hann hafi við þetta fallið í gólfið og komið niður á hnakkann og hálf vankast. Átökin hafi verið stöðvuð nánast strax.

Fyrir dómi lýsti kærandi atvikum þannig að hann hafi staðið við barinn er ákærði hafi ásakað hann um að hafa sparkað í sig. Það hafi ekki verið rétt og hafi komið til orðahnippinga milli þeirra. Þetta rifrildi hafi staðið örskamma stund og fyrirvaralaust hafi ákærði slegið hann í andlitið með glasi. Við það hafi hann fallið í gólfið og ákærði fylgt á eftir og kýlt hann fleiri höggum. Hann hafi reynt að verjast og kýlt til baka.

Hjá lögreglu skýrði ákærði svo frá að hann hafi í umrætt sinn staðið við barinn og verið að ræða við stúlku. Þá hafi kærandi komið aðvífandi og hálfpartinn ýtt honum frá. Hann kvaðst hafa ávarpað kæranda og sagt honum að kærandi gæti beðið ákærða um að færa sig ef kærandi teldi hann vera fyrir. Kærandi hafi þá svarað með hálfgerðum skætingi og sparkað létt í fótlegg ákærða. Í framhaldi af þessu hafi komið til orðaskipta þeirra í milli og báðir orðið æstir. Þá hafi kærandi kýlt ákærða í andlitið af nokkru aflí. Hans fyrstu viðbrögð hafi verið að svara í sömu mynt. Hafi hann verið með björglas í hendi og hafi hann slegið því í andlit mannsins og það brotnað við það. Eftir það hafi þeir fallið í gólfið en dyravörður komið og skilið þá í sundur.

Fyrir dómi skýrði ákærði á sama veg frá og hjá lögreglu.

Vitnið Kristófer Tompson, vinur ákærða, sagði hjá lögreglu og fyrir dómi að hann hafi staðið við endann á barnum í um það bil 5-10 metra fjarlægð. Frekar mikið af fólki hafi verið við barinn og þvaga fyrir framan hann. Hann kveðst hafa séð er kærandi hafi komið upp að ákærða og ýtt við honum. Kærandi og ákærði hafi talað eitthvað saman en hann hafi ekki heyrt orðaskipti. Hann hafi síðan séð þegar kærandi hafi slegið ákærða og í framhaldi af því séð er ákærði hafi slegið til baka.

Vitnið Bjarni Guðni Jóhannesson, vinur ákærða, kvaðst hafa staðið við hlið félaga síns, vitnisins Kristófers Tompson. Hafi þeir verið í um það bil 10 metra fjarlægð frá ákærða. Hann sagðist hafa séð ákærða vera að tala við einhverja stúlku og hafi

verið nokkur þvaga fyrir framan barinn. Síðan hafi hann séð kæranda slá ákærða í andlitið. Ákærði hafi slegið kæranda til baka en vitnið kvaðst ekki hafa séð hvort ákærði hafi verið með glas í hendi.

Vitnið Egill Hjartarson, vinur kæranda, skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi að hann og kærandi hafi staðið við barinn ásamt fleira fólki og beðið eftir afgreiðslu. Ákærði hafi staðið honum á vinstri hönd og kærandi á hægri hönd. Allt í einu hafi ákærði sakað kæranda um að hafa sparkað í sig en Egill taldi það útilokað vegna þess að hann hafi staðið á milli þeirra. Til orðahnippinga hafi komið milli kæranda og ákærða og hafi hann þá staðið fyrir aftan þá. Skyndilega hafi ákærði slegið kæranda með björglasi í andlitið með þeim afleiðingum að glasið brotnaði. Einhver átök hafi átt sér stað milli þeirra eftir að glasið brotnaði.

II.

Kærandi fór á slyssavardstofu og segir í læknisvottorði að hann hafi verið með mjög stóra blæðingu undir húð og mar yfir hægri kinnbeini og hafi þessir áverkar verið nánast yfir öllu hægri efra andliti. Hægri efrivör hafi verið bólgin og hún hruflluð. Mar hafi verið á vinstra kinnbeini ásamt hrufllsári og storknað blóð í báðum nösnum eftir blóðnasir. Kærandi hafi verið með mikil eymsli yfir kinnbeinsboga hægri megin.

Kærandi var skoðaður aftur seinna sama dag og við skoðun á augum kom í ljós að hann var með tvísýni við að horfa upp á við og hægri auga gekk töluvert lengra upp en það vinstra. Hann var því með hreyfiskerðingu á vinstra auga. Röntgenmynd var tekin af kæranda og hann sendur til augnlæknis til frekara mats.

Við skoðun 12. apríl 2005 vaknaði grunur um að augnhreyfivöði að neðanverðu vinstra megin væri fastur, hugsanlega vegna vöðvaskaða eða beinbrots. Var kærandi svæfður 15. apríl 2005 og gerð frekari rannsókn. Í svæfingu var ekki hægt að snúa vinstra auga upp á við og því áfram sterkur grunur um að neðri hreyfivöðvi vinstra auga væri fastur og því var gerð aðgerð á augntóftarbotni vinstra megin.

Kærandi fór aftur í skoðun 19. apríl 2005 og kom þá í ljós að hann var ennþá með tvísýni þegar hann horfði upp á við. Við skoðun var hann vel gróinn en hafði áfram skerta hreyfigetu á auga upp á við og sá tvöfalt þá.

Fyrir dómi skýrði kærandi svo frá að ástand hans væri óbreytt en til staði að hann færi fljótlega í þriðju augnaðgerðina.

Í vottorði Elínborgar Guðmundsdóttur, augnlæknis, dagsett 30. ágúst 2005, segir meðal annars að ástand kæranda sé óbreytt en til standi að reyna aðra aðgerð.

III.

Framburður ákærða og kæranda stangast á um hver hafi átt upptökin að átökunum. Framburðir vitna stangast einnig á um þetta atriði. Mest er þó að byggja á framburði vitnisins Egils Hjartarsonar sem stóð fyrir aftan ákærða og kæranda og sagðist hafa séð glögglega hvað fram fór. Sagði hann útilokað að kærandi hafi sparkað til ákærða þar sem hann hafi þá staðið á milli þeirra. Þá staðhæfði vitnið að fyrsta höggið sem gengið hafi milli þeirra hafi verið högg ákærða með glasinu. Önnur vitni stóðu í töluverðri fjarlægð en öllum ber þeim saman um að fjöldi fólks hafi staðið við barinn í umrætt sinn.

Hvernig sem þessu var varið liggur ljóst fyrir og því játað af ákærða að hann sló kæranda með bjórglasi í andlitið. Þessi atlega var háskaleg og ekki í neinu samhengi við það sem á undan var gengið. Orðaskak og jafnvel pústrar, þó sannað teldist, gátu ekki réttlætt þessa atögu. Með þessari háttsemi stefndi ákærði heilsu kæranda í voða eins og raun varð og rakið er hér að framan. Þjáist kærandi af tvísýni við vissar aðstæður og er óljóst með batahorfur. Brot ákærða er réttilega fært undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga í ákæru.

Sakaferill ákærða er þannig að hann hefur tvívegis gerst sekur um umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Í ljósi þess hversu hættuleg árás ákærða var þykir ekki fært að skilorðsbinda refsingu hans í heild sinni. Þegar hins vegar er litið til sakaferils ákærða þykir mega skilorðsbinda refsingu hans að hluta eins og nánar greinir í dómsorði.

IV.

Kærandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

1.	Miskabætur	1.500.000 krónur.
2.	Þjáningabætur	81.600 krónur.
3.	Annað fjártjón	30.000 krónur.
	Lögmannsaðstoð	137.668 krónur.

Miskabótakröfu sína byggir kærandi á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þjáningabætur á 15. gr. sömu laga og annað fjártjón á 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga. Krafa um greiðslu vegna lögmannsaðstoðar styður kærandi við 4. tl. 172. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Skilyrði eru samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga til þess að dæma ákærða til greiðslu miskabóta og verða þær taldar hæfilegar 300.000 krónur. Taka ber kröfu kæranda um þjáningabætur að fjárhæð 81.600 krónur til greina með vísan til 15. gr. skaðabótalaga. Kærandi hefur ekki lagt fram reikninga fyrir öðru fjártjóni og

verður því sú krafa ekki tekin til greina. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða lögmannskostnað kæranda við að halda fram bótakröfunni og telst sá kostnaður hæfilegur 45.000 krónur. Ákærði verður því samtals dæmdur til að greiða kæranda 426.600 krónur í skaðabætur. Um vexti fer eins og í dómsorði greinir en ákærða var birt bótakrafan hjá lögreglu 19. september 2005.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður ákærði dæmdur til þess að greiða verjanda sínum, Sveini Andra Sveinssyni hrl., 172.557 krónur í málsvarnarlaun. Annar sakarkostnaður er 40.700 krónur sem ákærði verður einnig dæmdur til að greiða.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Elvar Logi Rafnsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði brotaþola, Kristófer Sigvalda Snæbjörnssyni, 426.600 krónur með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. mars 2005 til 19. október 2005 en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, samtals að fjárhæð 213.257 krónur, þar af 172.557 krónur til skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl.

Gunnar Aðalsteinsson